

87 dómstólana en ekki umboðsvaldið að gjöra út um gildi þeirra, og í öllu falli gat
12. oktr. það ekki verið lögmaet ástæða fyrir sýslumann til að synja fullnægingar af hálfu Austureyjafjallahrepps á frammanfundum amtsúrskurðum, þó að hreppsnefnd þess hrepps hjeldi því fram, að nefndir samningar væri komnir á.

Ekki er heldur heimild fyrir því að leggja fyrir Biskupstungnahrepp að ganga að þeim samningstilboðum, sem Austureyjafjallahreppur kom fram með árið 1902 um að skipta fjölskyldu Sigríðar og Eyólfs milli hreppanna til framframfærslu, og á hinn bóginn virðist ekki ástæða til vegna þessara samnings-tilboða að breyta hinum fyrnefndu amtsúrskurðum og lækka meðlög in með börnunum að föðursins hálfu, hvorki hin áföllnu meðlög nje meðlögin í framtíðinni.

Samkvæmt þessu ber Austureyjafjallahreppi að greiða Biskupstungnahreppi hin áföllnu og ógreiddu meðlög samkvæmt hinum margnefndu úrskurðum amtmanns.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Austureyjafjallahrepps og er jafnframt lagt fyrir yður að heimta meðlögin af hreppsnefndinni til handa Biskupstungnahreppi án tafar.

88 **Brjef stjórnarráðsins til biskupsins yfir Islandi um embættislán**
16. oktr. **handa Þingvallaprestakalli.**

Samkvæmt beiðni prestins að Þingvöllum síra Jóns Thorstensens, meðmælum hlutaðeigandi prófasts og meðmælum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi yðar, dagsettu 13. þ. m., veitir stjórnarráðið hjermeð nefndum presti leyfi til þess að taka að láni gegn veði í tekjum Þingvallaprestakalls allt að 800 kr. til húsa-bóta þeirra á prestsetrinu, er nákvæmara er gerð grein fyrir í erindi prestsins. Lántökuleyfið er þeim skilyrðum bundið, að lánið afborgist með jöfnum afborgunum á 15 árum frá lántöku að telja, að húsabótin verði eign prestakallsins, og að presturinn eða bú hans svari henni í fullu standi eða með álagi ásamt jarðar-húsunum að öðru leyti.

89 **Brjef stjórnarráðsins til biskupsins yfir Islandi um skiptingu**
17. oktr. **Útskálasóknar.**

Eptir ósk safnaðarins í Útskálasókn í Kjalarnesprófastsdæmi og löglegri ályktun viðkomandi hjeradsfundar, veitir stjórnarráðið samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dagsettu 6. þ. m., og með skirskotun til 4. gr. í lögum nr. 3 frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla, samþykki til þess

að núverandi Útskálasókn verði skipt í tvær sóknir, Útskálasókn og Keflavíkursókn, með þessum nánari ákvæðum:

1. Skiptilínan milli sóknanna sje landamerkin milli Keflavíkur og Leiru.

2. Kirkjutekjur úr hinni væntanlegu Keflavíkursókn tilfalla frá 1. janúar 1906 Keflavíkirkirkju, sem skal vera komin upp ekki síðar en 1. janúar 1910. **89**
17. oktbr.
3. Eignum og skuldum núverandi Útskálafnaðar skal frá 1. janúar 1906 að telja skipt þannig, að Útskálakirkja heldur öllum áhöldum sínum, en væntanleg Keflavíkirkirkja þeim munum, sem óseldir eru frá kirkju þeirri, sem byrjað var að reisa þar. Sjóði og skuldum Útskálakirkju skal skipt milli hinna nýju sókna eptir því hlutfalli, að í hlut Útskálafnaðar komi 56 af hundraði, en 44 í hlut Keflavíkursóknar.
4. Kirkjutekjur Keflavíkirkirkju skulu, þangað til kirkjan er komin upp, leggjast í hinn almenna kirkjsjóð, að svo miklu leyti sem þeim eigi verður varið til að greiða þann hluta kirkjuskuldarinnar, sem kemur í hlut Keflavíkursafnaðar.
5. Þangað til Keflavíkirkirkja er fullger, eiga þó Keflavíkursóknarmenn kirkjusókn að Útskálum.
Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um sveitfesti þurfalings. **90**
19. oktbr.

Eptir að stjórnarráðinu hefir borizt brjef yðar, herra sýslumaður, dags. 13. júlí þ. á., þar sem þjer látið í tje álit yðar um áfrýjun hreppsnefndarinnar í Reykhólahreppi á úrskurði yðar, dags. 17. febr. þ. á., er ákveður að Jón Björnsson á Hyrningsstöðum skuli teljast sveitlægur í tjeðum hreppi, hefir stjórnariáðið í dag lagt svofelldan úrskurð á málið.

Málavextir eru þessir:

Jón Björnsson fluttist vorið 1887 að Svarfhóli í Geiradalshreppi, og var þá viðurkenndur að vera sveitlægur í Reykhólahreppi; á Svarfhóli dvaldi hann þangað til vorið 1896 áu þess að hann á því tímabili þægi af sveit, en nefnt vor var honum byggt út af Svarfhóli og leitaði hann þá aðstöðar hreppsnefndar Reykhólahrepps og beiddist þess, að sjer væri útvegað jarðnæði, en þá var fyrir fógetarjetti gjör samningur milli hreppsnefndaroddvitanna í hinum tveim framannefndu hreppum og Jóns Björnssonar á þá leið, að Jón skyldi fá að vera kyr á Svarfhóli fardagaárið 1896—1897, gegn því að þetta ár skyldi ekki teljast með sveitfestistíma Jóns í Geiradalshreppi og því, að hreppssjóður Reykhólahrepps skyldi ábyrgjast, að ábúðarjörð Jóns yrði afhent í löglegu ástandi vorið 1897. En það var fluttist Jón frá Svarfhóli til Reykhólahrepps og hefir dvalið þar síðan. Vorið 1904 varð hann styrksþurfi af sveitarfje og var því farið að leitast fyrir um sveitfesti hans.